



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð  
Borgartúni 14  
105 Reykjavík

### **Nýjar verklagsreglur Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar**

Nýverið var gerð sú breyting á fyrirkomulagi Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar að Menningar- og ferðamálasvið, nú Menningar- og íþróttasvið, tók alfarið við verkefningu sem áður hafði verið samvinnuverkefni Skóla- og frístundasviðs og Menningar- og ferðamálasviðs. Fjárheimildir verkefnisins voru í kjölfarið færðar yfir á Menningar- og íþróttasvið.

Í ljósi þessara breytinga hafa verklagsreglur verðlaunanna verið endurskoðaðar af Bókmenntaborginni og eru lagðar fram hér til kynningar og samþykktar. Fyrir utan augljósar breytingar til samræmis við breytingar á ábyrgð verkefnisins er lagt til að fækka dómnefndarmeðlimum úr fimm í þrjá. Tillagan er tilkomin í hagræðingarskyni ásamt kröfu úr starfsstétt rithöfunda um sérþekkingu valnefndar og fagleg vinnubrögð. Lagt er til að menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og skóla- og frístundaráð skipi ekki lengur fulltrúa í dómnefnd en að Rithöfundasamband Íslands, Fyrirmynd – félag myndhöfunda á Íslandi og Bókmenntaborgin, f.h. Menningar- og íþróttasviðs, skipi einn fulltrúa hver. Bókmenntaborgin skipar formann dómnefndar.

Virðingarfyllst,

María Rut Reynisdóttir

Skrifstofustjóri menningarmála á Menningar- og íþróttasviði

Samrit:

Hjálagt: Verklagsreglur Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar 2023